

Miðvikudaginn 17. nóvember 1954.

Kærumálið nr. 22/1954.

Helgi Benediktsson

gegn

Gunnari A. Pálssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun skaðabótakröfu á hendur undirdómara út af dóm-
araverki staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 27. okt. 1954 skotið frávísunar-
dómi héraðsdómara til Hæstaréttar og krafist þess, að dóm-
urinn verði úr gildi felldur og varnaraðilja verði dæmt að
greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur,
sóknaraðilja verði dæmt að greiða réttarfarsspekt fyrir ber-
sýnilega tilefnislausu málshöfðun svo og kærumálskostnað.

Ákvæði 34. gr. laga nr. 85/1936 um skaðabótakröfur á
hendur héraðsdómara gilda einnig í opinberum málum sam-
kvæmt 15. gr. laga nr. 27/1951. Í 34. gr. laga nr. 85/1936
segir, að dómari verði einungis sóttur í einkamáli í héraði
til greiðslu skaðabóta vegna dómaraverks, eftir að refsidóm-
ur hefur verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir
afbrot í dómarastarfi í því máli. Ákvæði 3. tl. 154. gr. laga
nr. 27/1951 um kröfur á hendur dómara verður því að túlka
með þeim takmörkunum, sem felast í 34. gr. laga nr. 85/1936.
Samkvæmt þessu brestur skilyrði til þess, að sóknaraðili,
Helgi Benediktsson, megi sækja varnaraðilja, Gunnar A. Pál-
son setudómara, til skaðabóta í héraði vegna dómaraverka
Gunnars í máli því, sem ákærvaldið hefur höfðað gegn
sóknaraðilja, Helga. Ber því að staðfesta frávísunardóminn
að niðurstöðu til.

Ekki er ástæða til að dæma sóknaraðilja réttarfarsspekt.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma sóknaraðilja til
að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr.
200,00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Helgi Benediktsson, greiði varnaraðilja, Gunnari A. Pálssyni, kr. 200,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. október 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 7. þ. m., hefur Helgi útgerðarmaður Benediktsson í Vestmannaeyjum höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 7. maí 1954, gegn Gunnari A. Pálssyni setudómara, Blómvallagötu 13 hér í bæ, Sigurgeiri lög-regluþjóni Kristjánssyni, Boðaslóð, og Torfa bæjarfógeta Jóhannssyni, Sólhlíð, báðum í Vestmannaeyjum, og krafizt þess, að þeir verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 72.000,00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómara.

Stefndi Gunnar hefur krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati dómsins. Einnig krefst hann þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sekt fyrir bersýnilega tilefnislausu málshöfðun.

Stefndu Sigurgeir og Torfi hafa krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málflutningur fór að þessu sinni fram um frávisunarkröfu stefnda Gunnars.

Málavextir eru þeir, að stefndi Gunnar hefur samkvæmt sérstakri umboðsskrá haft á hendi rannsókn í máli, er ákæruvaldið hefur höfðað gegn stefnanda. Hinn 10. júlí 1953 þingaði stefndi Gunnar í máli þessu og setti sakadóm Vestmannaeyja í skrifstofum stefnanda þar. Stefnandi fór úr dóminum og gekk í annað herbergi í húsinu og læsti að sér. Stefnandi Gunnar lét þá aðstoðarmenn sína sækja stefnanda og flytja hann í dóminn, en stefndi Sigurgeir var annar þeirra manna, er sóttu stefnanda. Skýrir stefnandi svo frá í stefnunni, að stefndi Sigurgeir hafi „framið á sér líkamlegar misþyrmingar með þeim afleiðingum, að þumalfingur annarrar handar er varanlega liðhlaupinn og höndin síðan lítt nothæf, sbr. vottorð lækna Ólafs Halldórssonar og Baldurs Johnsens, og báðar axlir auk þess allmjög lemstraðar og enn ekki jafngóðar“.

Telur stefnandi, að auk stefnda Sigurgeirs beri stefndi Gunnar ábyrgð á misferli þessu með því að fyrirskipa árásina að óþörfu og tilefnislausu og með því að láta viðgangast, að hafðar væru í frammi líkamlegar misþyrmingar, en stefndi Torfi sé einnig ábyrgur fyrir að hafa lánað stefnda Gunnari manninn (þ. e. stefnda Sigurgeir), og einnig beri stefndi Torfi embættislega ábyrgð á því, að

stefndi Sigurgeir hafði ekki kunnáttu eða skapstilling til þess að láta ógert að fremja lemskur og líkamsmeiðingar.

Stefndi Gunnar styður frávísunarkröfuna þeim rökum, að samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85 frá 1936 megi hafa bótakröfu sem þessa einvörðungu uppi í máli fyrir æðra dómstóli, enda eigi hér ekki við undantekningar þær, sem taldar eru í nefndri laga-grein. Hann telur fyrirmæli greinar þessarar gilda um þetta mál samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 27 frá 1951. Hins vegar telur hann ekki efni til þess að beita hér ákvæðum 151. gr. síðastnefndra laga og að stefnandi hafi ekki heldur gætt þeirra fyrirmæla um varnarþing og réttargæzlu, sem greind eru í 3. tölulið 154. gr. sömu laga. Kröfu sína um réttarfararsækt á hendur stefnanda styður stefndi Gunnar við 2. tölulið 188. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfunni á þeim grundvelli, að mál þetta sé höfðað samkvæmt heimildum 18. kafla laga nr. 27 frá 1951, enda sé hér um að ræða bætur fyrir framkvæmd aðgerðar, sem hefur frelsisskerðing í för með sér, svo sem greinir í 151. gr. þeirra laga, og slíkt mál sé réttilega höfðað í héraði samkvæmt 3. tölulið 154. gr. laganna. Sektarkröfu stefnda hefur stefnandi eindregið mótmælt.

Í lögum nr. 27 frá 1951, um meðferð opinberra mála, segir svo í 2. mgr. 15. gr.: „Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við á.“ Í þeim lagakafla, sem fjallar um dómara o. fl., er fyrrnefnd 34. gr., en í 2. málslíð 2. mgr. hennar segir svo: „Í héraði verður dómari einungis sóttur til greiðslu skaðabóta vegna dómaraverks í sambandi við opinbert mál út af því eða eftir að refsisdómur hefur verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir afbrot í dómarastarfi í því máli.“

Undantekning frá þessari almennu reglu felst í 3. tölulið 154. gr. laga nr. 27 frá 1951, en þar segir, að rétt sé aðilja að höfða mál í héraði með venjulegum hætti, ef hann vill hafa uppi bótakröfu, vegna þess að hann hafi orðið fyrir aðgerðum þeim, sem taldar eru í 151.—153. gr. sömu laga, enda stefni hann þá héraðsdómara, ef krafa er gerð á hendur honum. Samkvæmt upphafi töluliðarins er heimildin til að beita þessari undantekningu þó því bundin, að þær leiðir séu ekki farnar, sem getur í 1. og 2. tölulið sömu greinar, en í þeim er svo ákveðið, að leiði rannsókn ekki til ákæru, geti aðili krafizt úrskurðar rannsóknardómara um rétt sinn á hendur ríkissjóði til bóta, eða gangi mál til dóms, geti aðili krafizt úrlausnar héraðsdóms um bótakröfu á hendur ríkissjóði. Ákvæði eru um fyrningu bótakröfu í 157. gr. Segir þar, að hún fyrnist á sex mánuðum frá vitneskju aðilja um ákvörðun um niðurfall rannsókna-
eða ákæru eða uppsögu sýknudóms eða frá því að hann var laus látinn úr refsivist. Heimild aðilja til að beita undantekningarákveði 3. tölul. 154. gr. er því bundin því skilyrði, að dómur gangi í opinberu máli gegn honum eða rannsókn eða ákæra falli niður.

Ekki er í ljós leitt, að nokkurt þessara skilyrða sé fyrir hendi í máli þessu, og var stefnanda því eigi rétt að sækja stefnda Gunnar í héraði til bótagreiðslu vegna dómaverka. Ber því að taka til greina kröfu stefnda Gunnars og vísa málinu frá dómi, að því er hann varðar. Einnig er rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda Gunnari málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000,00. Hins vegar virðist ekki efni til þess eftir atvikum að dæma stefnanda til sektargreiðslu, og verður sú krafa stefnda Gunnars ekki tekin til greina.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá dómi, að því er varðar stefnda Gunnar A. Pálsson.

Stefnandi, Helgi Benediktsson, greiði stefnda Gunnari kr. 1.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. nóvember 1954.

Kærumálið nr. 23/1954.

Ákærvaldið

gegn

Gísla Gíslasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 4. október 1954 var tekið fyrir í sakadómi Vestmannaeyja að rannsaka ætlað brot kærða, Gísla Gíslasonar, stórkaupmanns í Vestmannaeyjum, á ákvæðum laga nr. 88/1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. Í máli þessu viðurkenndi kærði, að hann hefði flutt til landsins 28 kassa, samtals 2286 kg, af barnaleikföngum frá Vestur-Pýzkalandi án þess að hafa fengið innflutningsleyfi fyrir vörum þessum. Á farmskírteini var varan nefnd eldhúsáhöld, en við tollagreiðslu kom í ljós, að um barnaleik-